



# Ársskýrsla Þjónusturáðs Suðurlands

[Type the document subtitle]

**María Kristjánsdóttir**  
**Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir**  
**Katrín Þorsteinsdóttir**  
**4/30/2015**

## Inngangur

Þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks hefur séð um málaflokkinn frá því að hann fluttist frá ríki til sveitarfélaga í janúar 2011. Á þjónustusvæðið eru þrettán sveitarfélög og eru félags- og velferðarþjónusturnar þrjár, félagsþjónusta Árborgar, félags- og skólaþjónusta Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Þrettán sveitarfélög undirrituðu samning um þjónustu við fatlað fólk. Markmið með samningnum er að þjónusta við fatlað fólk verði samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna þannig að fatlað fólk njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags. Þjónustan innan svæðisins skal veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir á veitingu hennar á mati á þjónustuþörf. Stjórn þjónustusvæðis fatlaðra er skipuð þremur oddvitum sveitarfélaga frá fyrrgreindum félags- og velferðarþjónustum. Formaður stjórnar er Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar en auk hennar sitja í stjórninni Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem starfar á grundvelli erindisbréfs og gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar þjónustusvæðis. Þjónusturáð er skipað þremur yfirmönnum fyrrgreindra félags- og velferðarþjónustusvæða. Formaður þjónusturáðs er María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings en auk hennar sitja í þjónusturáði Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, félagsmálastjóri Árborgar og Katrín Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri félagsþjónustudeildar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu.

Hlutverk þjónusturáðs er:

- Umsjón með daglegri stjórnun samningsins
- Umsjón og forgangsröðun innan ramma þjónustusamnings við Sveitarfélagið Árborg, samráð vegna samninga við sjálfstæða þjónustuaðila
- Stefnumótun í samvinnu við sveitarfélög, notendur og hagsmunaaðila
- Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis
- Árangursstjórnun og eftirlit með þeirri þjónustu sem veitt er innan þjónustusvæðisins
- Eftirlit með framkvæmd samninga við sjálfstæða þjónustuaðila
- Áætlanagerð og eftirlit vegna rekstrarsjóðs þjónustusvæðis
- Umsjón með gerð sameiginlegs ársreiknings þjónustusvæðis

Stjórn þjónustusvæðis Suðurlands og Sveitarfélagið Árborg gerðu með sér samning um sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins sem Sveitarfélagið Árborg annast.

Meðal verkefna er:

- Sérhæfð ráðgjöf
- Stuðningur við þjónusturáð
- Samningar við sjálfstæða þjónustuaðila
- Þjónusta við stjórn þjónustusvæðisins
- Rekstur sérhæfðra þjónustueininga

## Verkefni þjónusturáðs Suðurlands árið 2014

Þjónusturáð Suðurlands hélt 9 fundi á árinu 2014.

### Áætlun um uppbyggingu á búsetu

Þjónusturáð í samvinnu við fagteymi endurskoðaði fyrirbyggjandi áætlun um uppbyggingu á búsetuþjónustu við fatlað fólk.

Tillaga þjónusturáðs er sú, að unnið verði samhliða að lið 1, 3 og 4 í áætluninni og úrræði í lið 1 verði tekið í notkun 2016. Þegar er hafin vinna varðandi lið 2 og um það var skipaður starfshópur í janúar 2014 og leggur þjónusturáð til að það úrræði verði tekið í notkun 2016 og þar verði gert ráð fyrir íbúðum fyrir 6 manns. Sú vinna sem starfshópurinn hefur unnið að nýtist við undirbúning á nýju úrræði samkvæmt lið 1 í áætluninni. Einnig var gerð tillaga þess efnis að myndaður yrði starfshópur/vinnuhópur vegna byggingar nýs úrræðis sem tæki ákvörðun um hvers konar úrræði verði byggt.

Fyrirliggjandi tillögur eru:

1. Nýtt búsetuúrræði með sólarhringsþjónustu fyrir fimm manns. Lagt er til að keyptar verði fimm íbúðir í fjölbýli eða í raðhúsi auk rýmis fyrir starfsmannaaðstöðu. Íbúðirnar verði á Selfossi og teknar í notkun 2015. Kannað verði hvort ÖBÍ eða Þroskahjálpi komi að kaupum á þessum íbúðum.
2. Nýtt húsnæði sem uppfyllir reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 varðandi sértækt húsnæðisúrræði með sólarhringsþjónustu, í stað heimilisins að Vallholti 9 Selfossi. Um er að ræða íbúðir fyrir fimm manns staðsettar á Selfossi með sameiginlegu rými. Húsnæðið verði tilbúið 2015.
3. Nýtt þjónustuform á Hvolsvelli. Búseta með sólarhringsþjónustu fyrir tvo einstaklinga, dagþjónustu, skammtímavistun og stoðþjónustu við fatlað fólk. Lagt er til að keypt verði ein íbúð á jarðhæð að Nýbýlavegi 44, Hvolsvelli, sem rúmar starfsmannaaðstöðu, skammtímavistun og dagþjónustu. Auk þess verði veitt búsetuþjónusta í tvær íbúðir sem sérstaklega eru ætlaðar fötluðu fólki og eru í eigu Rangárþings eystra að Nýbýlavegi 44, Hvolsvelli. Húsnæðið og þjónustan verði tekið í notkun 2016.
4. Breyting á núverandi búsetuformi að Birkihólum 16-20 Selfossi. Búsetuformið sem þar er rekið hefur töluverða ókosti, þar leigja tveir einstaklingar sitt hvort herbergið með baðherbergi og deila stofu, eldhúsi, þvottaaðstöðu og anddyri. Veittur er stuðningur í formi félagslegrar heimaþjónustu og sérstaks stuðnings (frekari liðveislu) ef þess þarf, en sólarhringsþjónusta er ekki í húsinu. Leigjendur geta hringt í þjónustuvakt allan sólarhringinn. Upphaflega gekk vel með þetta búsetuform þegar hægt var að velja saman íbúa, en þegar annar aðilinn flytur í burtu hefur oft gengið erfiðlega að finna nýjan leigjanda sem hentar þegar taka þarf tillit til kyns, aldurs, þátta tengda fötlun o.s.frv. Einnig er það svo að fólk sem sækist eftir búsetu með stuðningi kýs að búa eitt, en ekki með öðrum. Lagt er til að húsnæðið að Birkihólum 16-20 verði selt og að Brynja hússjóður ÖBÍ kaupi 6 litlar 40-60 fm íbúðir í stað þeirra.

## Reglur vegna þjónustu

Unnið var að samræmdum verklagsreglum um þjónustu við fatlað fólk sem taka mið af gildandi lögum og reglum þar um.

- Verklagsreglur vegna dagþjónustu og aðstoðar vegna atvinnu, samþykktar.
- Verklagsreglur til að draga úr beitingu á nauðung í þjónustu við fatlað fólk, samþykktar.
- Verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um húsnæði og þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, samþykktar.

## Mótun verklags

Þjónusturáð vann skilgreiningu á grunnþjónustu og sértækri þjónustu. Þjónustan skilgreind út frá grunnþörfum og sértækum þörfum en ekki tímafjöldi.

## Styrkir

Styrkir til náms-, verkfæra- og tækjakaupa samkvæmt 27.gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Alls bárust 15 umsóknir um styrkina, samtals 1.841.508-kr. Samþykktir voru styrkir til 13 einstaklinga, samtals upphæð 806.309-kr. Tveimur umsóknum var synjað.

## Fræðsla

Fræðsludagar fyrir starfsfólk í þjónustu við fatlað fólk fóru fram dagana 28. og 30. apríl. Um var að ræða tvo hálfra daga þar sem sama fræðslan var keyrð báða dagana. Áhersla fræðslunnar var á þjónustu við fullorðið fatlað fólk og m.a var fjallað um birtingarmynd geðraskana í daglegu lífi, kynferðisofbeldi og fatlað fólk og nauðung og þvingun í starfi. Auk þess var fjallað um gildi tómsunda og góðar leiðir í starfi.

Starfsdagur forstöðumanna, þjónusturáðs og fagteymis var í nóvember. Þar var m.a kynnt skipurit þjónustusvæðisins, hlutverk og störf þjónusturáðs og fagteymis o.fl. Notendaráð kom og kynnti starf sitt.

Systkinasmiðjan hélt helgarnámskeið á Selfossi fyrir systkini fatlaðra barna. Námskeiðið var að beiðni þjónusturáðs fyrir þjónustusvæði Suðurlands.

## Samstarf við notendaráð og verklag um aðkomu þess að málum skilgreint

Allar reglur sem varða málefni fatlaðs fólks verðar lagðar fyrir notendaráð til kynningar. Við gerð stefnumótunar og tillagna að áætlunum um þjónustu kallar fagteymið og eða starfshópar til fulltrúa notendaráðs til samstarfs vegna þeirrar vinnu. Steinunn Jónsdóttir var tilnefnd fulltrúi sveitarfélaganna í notendaráði. Gerð var tillaga um stækkun ráðsins með fjölgun fulltrúa. Auglýst var eftir fulltrúum og í ráðið kom fulltrúi foreldra fatlaðra barna.

## Samstarf við Velferðarráðuneytið vegna vinnu verkefnis um valdeflingu og notendasamráð

Velferðarráðuneytið, vegna framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014, og Sveitarfélagið Árborg, fyrir hönd þjónustusvæðis Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks, gerðu með sér samning um gerð verkefnis til að efla og styrkja valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk. Í upphafi var könnun lögð fyrir starfsfólk á vegum þjónustusvæðis Suðurlands um málefni fatlaðs fólks. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir fjölluðu um hugtökin valdeflingu og sjálfstætt líf og hvernig starfsfólk tileinkaði sér þau í starfi sínu. Verkefnið var samstarfsverkefni þroskaþjálfara og notanda þjónustunnar og saman unnu þeir að gerð fræðsluefnis sem byggt var á niðurstöðum könnunarinnar, reynslu notandans, lokaverkefni þroskaþjálfans svo og nýlegri skýrslu Inclusion International um sjálfstætt líf. Samstarfið var í senn gerð fræðsluefnisins svo og þróunarstarf um samstarf í anda „ekkert um okkur án okkar“ sem eru einkunnarorð Átaks – félags fólks með þroskahömlun.

## Fundir með hagsmunasamtökum.


Fundir með fulltrúum Þroskahjálpar á Suðurlandi voru í apríl og í desember. Umræður um formlegt samstarf stjórnar Þroskahjálpar og Þjónusturáðs. Á síðari fundinum kynnti Sif Sigurðardóttir, formaður Þroskahjálpar á Norðurlandi eystra, samstarf þeirra við Akureyrarbæ.

## Ýmis erindi

Fjöldmörg erindi og beiðnir berast þjónusturáði ár hvert um hvers kyns umsagnir og álit sem reynt er að verða við hverju sinni.

## Þjónusta við fatlað fólk á þjónustusvæði Suðurlands

### Heildarfjöldi þjónustuþega á Suðurlandi 2010-2014:



## Mat á stuðningsþörf – SIS mat

SIS mat metur þörf fyrir stuðning út frá þremur víddum, þ.e.a.s tíðni (hve oft er þörf fyrir stuðning), daglegum stuðningstíma (hve mikil þörf er fyrir stuðning á dæmigerðum degi) og loks tegund stuðnings (hvers konar stuðning ætti að veita). Mat á stuðningsþörf er fyllt út af fagaðila með reynslu af viðtölum með aðstoð eins eða fleiri aðila, sem þekkja vel þann sem mat nær til. Mat á stuðningsþörf veitir þannig mikilvægar upplýsingar, sem nýtast m.a. til að útfæra einstaklingsmiðaða þjónustu og við fjárhagslega skipulagningu og úthlutun á stuðningi. Þeir sem metnir eru í stuðningsþörf 1-3 eru taldir geta nýtt sér almenna þjónustu sveitarfélaganna og þurfa því ekki á sértekri þjónustu að halda. Þeir sem eru metnir í stuðningsþörf 4 þurfa á sértekri þjónustu að halda en ekki á sértekri búsetu. Þeir sem metnir eru 5 og yfir eru taldir þurfa á sértekri búsetu og sértekri þjónustu að halda.

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram þeir sem fengu SIS mat 2010 og þeir sem fengu endurmat (sömu einstaklingar) og nýliðun árið 2014:

### SIS mat:

SIS mat	2010	2014
Fjöldi SIS I-III	21	9
Fjöldi SIS mat IV	13	25
Fjöldi SIS mat V og yfir	63	67
Fjöldi með ekkert SIS mat en í sértekri þjónustu	8	21
Fjöldi alls	105	122

## Sértæk þjónusta við fatlað fólk

Hér verður gert grein fyrir sértekri þjónustu sem er í boði fyrir fatlað fólk og þjónustusvæðið ber sameiginlega ábyrgð á. Áður en fatlað fólk fær sérteka þjónustu þá á það rétt á almennri félagslegri þjónustu, þ.e. félagsleg ráðgjöf, heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, ferðaþjónusta fatlaðs fólks. Þegar sú þjónusta mætir ekki þörfum þess skv. þjónustumati (grunnmat, SIS mat) þá ber að veita sérteka þjónustu, s.s. frekari liðveislu, skammtíamavistun, dagþjónustu/atvinnu, búsetuþjónustu.

### Fullorðnir:

Sértæk þjónusta	2011	2012	2013	2014
Frekari liðveisla	34	38	35	36
Skammtíamavistun	11	9	8	10
Viss	61	68	60	52
AMS	34	39	53	63

### Börn:

Sértæk þjónusta	2011	2012	2013	2014
Skammtíamavistun	16	18	20	16
Stuðningsfjölskylda	37	25	23	25
Þjónustuteymi	56	56	66	73

## Sértæk búsetuúrræði

Á þjónustuvæðinu hefur verið gerður samningur við fjóra einkaaðila um þjónustu við fatlað fólk. Þeir rekstraraðilar veita fötluðu fólki búsetu- og dagþjónustu.

Heimilin sem þjónustuvæðið rekur eru fjögur og þar er veitt búsetuþjónusta.

Sértæk búsetuúrræði	Stuðningur	Dagþjónusta/Atvinna
Breiðabólstaður	4	1
Heimilið Birkimörk	5	0
Heimilið Selvogsbraut	6	0
Heimilið Vallholt 9	5	5
Heimilið Vallholt 12-14	5	5
Kerlingardalur	4	4
Skaftholt	8	8
Sólheimar	43	43

Þeir einstaklingar sem eru í sértækum búsetuúrræðum eru flestir með stuðningsþörf 5 og yfir. Þó eru 3 einstaklingar metnir í stuðningsþörf 3 og þrettán í stuðningsþörf 4.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks er lögð áhersla á að herbergjasambýli verði lögð af fyrir árið 2016. Á þjónustuvæðinu eru 5 heimili/búsetuúrræði sem teljast til herbergjasambýla og búa þar 27 einstaklingar.

## Biðlisti eftir sértækri þjónustu í árslok 2014

	Lögheimili á Suðurlandi	Lögheimili annars staðar
Búseta - sólarhringsþjónusta	10	
Leiguhúsnæði að Birkihólum	2	
Leiguhúsnæði - Brynja hússj. ÖBÍ	16	6
Skammtí mavistun	4	

## Fjármál

### Rekstrarniðurstaða 2014

Í töflunni hér að neðan má sjá rekstrarniðurstöðu þjónustueininganna sjö á svæðinu ásamt greiðslum til sjálfstæðu þjónustuaðilanna fjögurra árið 2014.

Þjónustueiningar	Rauntölur 2014	Áætlun 2014	Mismunur	Skýringar
Heimilið Vallholt 9	69.921.254	70.377.000	455.746	
Heimilið Vallholt 12-14	69.527.773	64.635.000	- 4.892.773	Veikindalaun
Þjónustumiðstöð Álftarima	99.261.801	95.847.000	- 3.414.801	Leigutekjur lægri, veikindalaun, hækkun v/NPA samn.
VISS Selfossi	73.806.603	72.786.000	- 1.020.603	
Heimilið Birkimörk	79.815.792	80.751.000	935.208	Upphafleg áætlun var 73.501.000
Heimilið Selvogsbraut	66.717.322	63.180.000	- 3.537.322	Langtímaveikindi
VISS Þorlákshöfn	13.873.556	14.370.000	496.444	
Breiðabólstaður	62.413.090	62.413.090	-	
Kerlingadalur	33.432.000	33.432.000	-	
Skaftholt	79.176.000	79.176.000	-	
Sólheimar	380.038.112	380.038.112	-	
<b>Samtals</b>	<b>1.027.983.303</b>	<b>1.017.005.202</b>	<b>- 10.978.101</b>	

Heimilið Vallholti 12-14 er 4,8 millj. kr. yfir áætlun og má rekja það til launakostnaðar, bæði veikindalauna og aukins launakostnaðar vegna kjarasamninga á árinu 2014. Þjónustumiðstöð Álftarima er 3,4 millj. kr. yfir áætlun og má rekja það til þess að leigutekjur voru lægri en áætlað var á árinu vegna Birkihólanna, hækkunar á NPA samningum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og aukins launakostnaðar vegna kjarasamninga á árinu. VISS á Selfossi er 1 millj. kr. yfir áætlun og má rekja það til aukningar í þjónustukaupum. Heimilið að Birkimörk er rúmlega 900 þús. kr. undir áætlun og má rekja það til þess að hækkun varð á fjárhagsáætlun árið 2014 vegna veikindalauna og kjarasamninga en upphafleg áætlun fyrir Birkimörkina var 73,5 millj.kr. Heimilið Selvogsbraut er 3,5 millj.kr. yfir áætlun sem skýrist af langtímaveikindum.



## Uppgjör á svæðinu 2014

Í töflunni hér að neðan má sjá skiptinu á tekjum og gjöldum vegna þessa málaflokks hjá sveitarfélögunum þrettán sem standa að þjónustusvæði Suðurlands.

	0,125% af útsvari 2014	0,125% af útsvari 2014	Samtals	Greitt í rekstrarsjóð vegna 2014	Framlag greitt af Félagsþj. Rang- og V- Skaft	Inneign frá árinu 2013	Skuld flutt á 2015	Stuðnings- fjölskyldur	Eftirstöð var útsvars 2014
Árborg	28.863.000	28.863.000	57.726.000	53.112.000				2.730.000	1.884.000
<b>Velferðarþjónusta Árnesþings :</b>									
Bláskógabyggð	3.095.000	3.095.000	6.190.000	5.568.000				259.600	362.400
Flóahreppur	1.851.000	1.851.000	3.702.000	3.456.000				192.000	54.000
Grímsnes- og Grafningshreppur	1.366.000	1.366.000	2.732.000	2.750.500		225.500			-244.000
Hrunamannahreppur	2.494.000	2.494.000	4.988.000	4.512.000					476.000
Hveragerði	7.911.000	7.911.000	15.822.000	14.688.000				1.118.800	15.200
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1.841.000	1.841.000	3.682.000	3.187.626			148.374		346.000
Ölfus	7.358.000	7.358.000	14.716.000	13.580.000		124.000			1.012.000
									0
									0
<b>Félagsþjónusta Rang- og V-Skaftafellssýslu :</b>									
Ásahreppur	675.000	675.000	1.350.000	967.000	200.000	33.000			150.000
Mýrdalshreppur	1.722.000	1.722.000	3.444.000	2.680.000	536.000				228.000
Rangárþing eystra	5.555.000	5.555.000	11.110.000	8.526.000	1.740.000		174.000		670.000
Rangárþing ytra	5.233.000	5.233.000	10.466.000	7.428.800	1.592.000	372.000	159.200		914.000
Skaftárhreppur	1.610.000	1.610.000	3.220.000	2.265.600	484.000	106.000	48.400		316.000
<b>Samtals</b>	<b>69.574.000</b>	<b>69.574.000</b>	<b>139.148.000</b>	<b>122.721.526</b>	<b>4.552.000</b>	<b>860.500</b>	<b>529.974</b>	<b>4.300.400</b>	<b>6.183.600</b>

Af töflunni hér að ofan má sjá þær fjárhæðir sem sitja eftir hjá sveitarfélögunum þegar tekið hefur verið tillit til greiðslna í rekstrarsjóð ásamt greiðslum til stuðningsfjölskyldna í viðkomandi sveitarfélögum. Þessar eftirstöðvar koma til vegna mismunar á áætluðu og raunverulegu útsvari 2014. Greiðslur í rekstrarsjóð árið 2014 taka mið af áætluðu útsvari en útreikningurinn hér að ofan er byggður á raunverulegu útsvari.

Það sem eftir situr hjá sveitarfélögunum á svæðinu árið 2014 er 6.183.600 kr.

Mismunandi aðferðum er beitt við uppgjör hjá félagsþjónustunum á svæðinu, af þessu leiðir að hluti af afgangi þeirra sveitarfélaga sem heyra undir félagsþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu liggur í sameiginlegum sjóði sem félagsþjónustan heldur utan um. Félagsþjónusta Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu greiðir einnig kostnað vegna stuðningsfjölskyldna á svæðinu og því sést sá kostnaður ekki á töflunni hér að ofan.

Í töflunni hér að neðan má sjá kostnað og tekjur vegna þjónustueininga og sjálfstæðra stofnana árið 2014.

Kostnaður 2014	Samtals	Árborg	Hveragerði	Ölfus	
Heimilið Vallholti 9	69.921.254 kr.	69.921.254 kr.			
Heimilið Vallholti 12-14	69.527.773 kr.	69.527.773 kr.			
Þjónustumiðstöð Álftaríma	99.261.801 kr.	99.261.801 kr.			
VISS Selfossi	73.806.603 kr.	73.806.603 kr.			
Birki mörk	79.815.792 kr.		79.815.792 kr.		
Selvogsbraut	66.717.322 kr.			66.717.322 kr.	
VISS Þorlákshöfn	13.873.556 kr.			13.873.556 kr.	
Breiðabólstaður	62.413.090 kr.	62.413.090 kr.			
Kerlingadalur	33.432.000 kr.	33.432.000 kr.			
Skaftholt	79.176.000 kr.	79.176.000 kr.			
Sólheimar	380.038.112 kr.	380.038.112 kr.			
<b>Samtals</b>	<b>1.027.983.303 kr.</b>	<b>867.576.633 kr.</b>	<b>79.815.792 kr.</b>	<b>80.590.878 kr.</b>	
<b>Tekjur 2014</b>					
Jöfnunarsjóður Árborg	170.858.059 kr.	170.858.059 kr.			
Jöfnunarsjóður Hveragerði	46.719.360 kr.		46.719.360 kr.		
Jöfnunarsjóður Ölfus	49.388.140 kr.			49.388.140 kr.	
Jöfnunarsjóður Breiðab.st.	61.840.300 kr.	61.840.300 kr.			
Jöfnunarsjóður Kerlingad.	33.432.000 kr.	33.432.000 kr.			
Jöfnunarsjóður Skaftholt	79.176.000 kr.	79.176.000 kr.			
Jöfnunarsjóður Sólheimar	370.829.250 kr.	370.829.250 kr.			
	<b>812.243.109 kr.</b>	<b>716.135.609 kr.</b>	<b>46.719.360 kr.</b>	<b>49.388.140 kr.</b>	
<b>Niðurstaða</b>	<b>215.740.194 kr.</b>	<b>151.441.024 kr.</b>	<b>33.096.432 kr.</b>	<b>31.202.738 kr.</b>	
Greitt af rekstrarsjóði til Sólheima 21. mars. 2014		6.949.650 kr.			
Greitt af rekstrarsjóði 1. sept. Til Breiðabólstaða		572.790 kr.			
Greitt af rekstrarsjóði 1. sept. Til Sólheima		2.259.212 kr.			
<b>Ógreitt 31. des. 2014</b>		<b>141.659.372 kr.</b>	<b>33.096.432 kr.</b>	<b>31.202.738 kr.</b>	<b>205.958.542 kr.</b>
Greitt úr rekstrarsjóði 15. okt. 2014		30.030.000 kr.	7.150.000 kr.	6.820.000 kr.	
Greitt úr rekstrarsjóði 29. des. 2014		75.600.000 kr.	19.264.000 kr.	17.136.000 kr.	
<b>Staða við rekstrarsjóð 31. des. 2014</b>		<b>36.029.372 kr.</b>	<b>6.682.432 kr.</b>	<b>7.246.738 kr.</b>	<b>49.958.542 kr.</b>
*+= Sveitarfélagi vantar pening, ógreitt til sveitarfélags upp í kostnað					
*-=Tekjur sveitarfélags meiri en kostnaður					

Eins og sést á töflunni má sjá að gjöld umfram tekjur hjá Árborg, Hveragerði og Ölfusi tæpar 50 millj.kr. á árinu 2014. Greiðslur frá Jöfnunarsjóðnum ganga fyrst upp í mánaðarlegar greiðslur til sjálfstæðu þjónustuaðilanna og svo til sveitarfélaganna þriggja sem reka þjónustueiningarnar.

Fjárbörf í málafloknum árið 2014 er því veruleg því auk 50 millj.kr. hér að ofan greiða sveitarfélögin til félagsþjónustanna vegna málaflokksins 32,8 millj.kr.

Greiðslur til félagsþjónustu sveitarfélaganna voru eins og kemur fram hér í neðangreindri töflu.

	Félagsþjónusta Árborgar	Velferðarþj. Árnesþings	Félagsþj. Rang- og V- Skaft.
Árborg	12.786.441		
<b>Velferðarþjónusta Árnesþings :</b>			
Bláskógabyggð		785.000	
Flóahreppur		530.000	
Grímsnes- og Grafningshreppur		351.000	
Hrunamannahreppur		661.000	
Hveragerði		1.950.000	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur		445.000	
Ölfus		1.603.000	
<b>Félagsþjónusta Rang- og V-Skaftafellssýslu :</b>			
Ásahreppur			600.000
Mýrdalshreppur			1.608.000
Rangárþing eystra			5.220.000
Rangárþing ytra			4.776.000
Skaftárhreppur			1.452.000
<b>Samtals</b>	<b>12.786.441</b>	<b>6.325.000</b>	<b>13.656.000</b>

Af töflunni hér að ofan má sjá að sveitarfélögin þrettán greiddu samtals 32,8 millj.kr. til félagsþjónustanna vegna málaflokksins.

## Rekstrarsjóður 2014

Greiðslur til rekstrarsjóðs taka mið af útsvarstofni sveitarfélaganna þrettán. Í upphafi árs var kallað eftir 40% aukningu strax til þess að standa undir rekstri þjónustueininga. Á haustfundi var samþykkt að kalla eftir öllu útsvarinu þar sem greiðslur frá Jöfnunarsjóði nægðu ekki til að standa undir rekstri eininganna. Kallað var eftir 60% aukningu í desember. Samtals námu greiðslur til rekstrarsjóðs því 128.658.000 kr. á árinu 2014. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptinguna milli sveitarfélaga.

	Hlutdeild 0,125% skv. Staðgreiðslu 2014	Viðbót 40%	Viðbót 60%	Samtals til rekstrarsjóðs 2014
Árborg	26.552.000	10.622.400	15.933.600	53.108.000
Ásahreppur	594.000	240.000	360.000	1.194.000
Bláskógabyggð	2.782.000	1.113.600	1.670.400	5.566.000
Flóahreppur	1.729.000	691.200	1.036.800	3.457.000
Grímsnes- og Grafningshreppur	1.489.000	595.200	892.800	2.977.000
Hrunamannahreppur	2.254.000	902.400	1.353.600	4.510.000
Hveragerði	7.341.000	2.937.600	4.406.400	14.685.000
Mýrdalshreppur	1.603.000	643.200	964.800	3.211.000
Rangárþing eystra	5.223.000	2.088.000	3.132.000	10.443.000
Rangárþing ytra	4.778.000	1.910.400	2.865.600	9.554.000
Skaftárhreppur	1.457.000	580.800	871.200	2.909.000
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1.669.000	667.200	1.000.800	3.337.000
Ölfus	6.855.000	2.740.800	4.111.200	13.707.000
	64.326.000	25.732.800	38.599.200	128.658.000

## Eftirstöðvar útsvars á þjónustusvæðum árin 2011-2013

Í töflunni hér að neðan má sjá eftirstöðvar útsvars hjá sveitarfélögunum fyrir árin 2011 - 2013.

	2011	2012	2013	Samtals
Árborg	1.842.003	11.697.255	4.624.727	18.163.985
Velferðarþjónusta Árnesþings:				
Bláskógabyggð	955.806	1.440.157	960.114	3.356.077
Flóahreppur	255.986	1.099.012	568.196	1.923.194
Grímsnes- og Grafningshreppur	534.782	1.026.866	489.311	2.050.959
Hrunamannahreppur	86.940	1.042.136	1.115.154	2.244.230
Hveragerði	1.336.804	4.070.318	1.889.679	7.296.801
Skeiða- og gnúpverjahreppur	455.018	965.259	1.002.059	2.422.336
Ölfus	2.260.118	4.314.055	3.009.573	9.583.746
				-
Félagþjónusta Rang- og V-Skaftafellssýslu:				-
Ásahreppur	171.872	100.360	88.722	360.954
Mýrdalshreppur	173.828	222.330	336.782	732.940
Rangárþing eystra	745.144	780.502	567.730	2.093.376
Rangárþing ytra	418.060	687.872	658.718	1.764.650
Skaftárhreppur	227.654	214.276	259.826	701.756
	9.464.015	27.660.398	15.570.591	52.695.004

Á haustfundi var samþykkt að óska eftir því að sveitarfélögin myndu greiða eftirstöðvar útsvar vegna árana 2011-2013 til rekstrarsjóðs í desember 2014 til að mæta aukinni fjárþörf í málaflokknum þar sem greiðslur frá Jöfnunarsjóðnum dugðu ekki til.

## Áætlun 2015

Í töflunni hér að neðan má sjá fjárhagsáætlanir þjónustueininganna á svæðinu ásamt greiðslum til sjálfstæðu þjónustuaðilanna fjögurra fyrir árið 2015 með samanburð við fjárhagsáætlun 2014.

Þjónustueiningar	Áætlun 2015	Áætlun 2014
Heimilið Vallholt 9	73.942.000	70.377.000
Heimilið Vallhol 12-14	72.219.000	64.635.000
Þjónustumiðstöð Álftarima	104.235.000	95.847.000
VISS Selfossi	77.296.000	72.786.000
Heimilið Birkimörk	77.972.000	80.751.000
Heimilið Selvogsbraut	66.290.000	63.180.000
VISS Þorlákshöfn	14.950.000	14.370.000
Breiðabólstaður	64.369.000	62.413.090
Kerlingadalur	34.568.000	33.432.000
Skaftholt	81.867.000	79.176.000
Sólheimar	392.143.000	380.038.112
<b>Samtals</b>	<b>1.059.851.000</b>	<b>1.017.005.202</b>

Hækkun í Vallholti 9 má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga. Hækkun á Vallholti 12-14 má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga ásamt langtímaveikinda. Hækkun á Þjónustumiðstöðinni Álftarima má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga ásamt hækkunar á NPA samningum. Hækkun á heimilinu Birkimörk má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga. Hækkun á heimilinu Selvogsbraut má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga.

Hækkanir á samningum við sjálfstæða þjónustuaðila má rekja til þess að greiðslur til þeirra taka nú mið af SIS mati að fullu. Greiðslur þessar geta breyst á árinu þar sem samningarnir eru uppreiknaðir skv. breytingum á vísitölum annars vegar í júní og hins vegar í desember.

## Lokaorð

Á árinu 2014 átti að ljúka faglegu og fjárhagslegu mati á árangri flutnings málaflokksins til sveitarfélaganna. Er það mat flestra að þjónusta við fatlað fólk eigi best heima hjá sveitarfélögunum í nærþjónustunni. Félagsþjónusta sveitarfélaganna hefur eflst við þennan flutning og komið er betur til móts við þarfir allra íbúa sveitarfélaganna. Aftur á móti hefur fjármagnið, sem þjónustusvæði Suðurlands fær frá Jöfnunarsjóði og með hækkaðri útsvarsprósentu, ekki náð að dekkja rekstur starfeininga á svæðinu. Það er orðin mikil þörf fyrir uppbyggingu búsetuúrræða á svæðinu sbr. biðlista og er nauðsynlegt að veita því fólki sem bíður úrlausna sinna mála.